

# Safnastefna

## Byggðasafns Vestfjarða

### 2015- 2019





## Efnisyfirlit

|                                                        |    |
|--------------------------------------------------------|----|
| Formáli.....                                           | 5  |
| Kynning.....                                           | 6  |
| Húsnæðismál safnsins .....                             | 7  |
| Markmið .....                                          | 7  |
| Söfnunarstefna.....                                    | 8  |
| Söfnunarsvæði .....                                    | 8  |
| Aðföng.....                                            | 8  |
| Skráning.....                                          | 8  |
| Lán á safngripum.....                                  | 8  |
| Grisjun .....                                          | 8  |
| Ráðgjöf .....                                          | 9  |
| Fræðslustefna.....                                     | 9  |
| Útgáfa .....                                           | 9  |
| Söfnunarsvið.....                                      | 9  |
| Starfsemin .....                                       | 10 |
| 1. Safnsvæðið í Neðstakaupstað .....                   | 10 |
| 2. Bátasafnið .....                                    | 10 |
| 3. Bárðarslippur.....                                  | 10 |
| 4. Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri..... | 11 |
| 5. Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar .....         | 11 |
| 6. Sýningar .....                                      | 11 |
| Samvinnuverkefni .....                                 | 11 |
| 1. Áhugamannafélag um rekstur Maríu Júlíu .....        | 11 |
| 2. Samband Íslenskra sjóminjasafna. ....               | 11 |
| 3. Saltfiskveislur. ....                               | 12 |
| 4. Náttúrustofa Vestfjarða - Ósvör .....               | 12 |
| 5. Vestfirðir á Miðöldum.....                          | 12 |
| 6. Hornstrandastofa. ....                              | 12 |
| 7. Litlibær í Skötufirði.....                          | 12 |
| 8. Melrakkasetur Íslands í Súðavík.....                | 12 |
| 9. Vigur.....                                          | 12 |
| 10. Bæirnir þrír.....                                  | 13 |
| 11. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri .....          | 13 |
| 12. Gamla sjúkrahúsið.....                             | 13 |
| 13. Tónlistarsafn Íslands .....                        | 13 |
| Lokaorð.....                                           | 13 |
| Viðauki: .....                                         | 14 |
| Samþykktir Byggðasafns Vestfjarða .....                | 14 |
| Safnalög Nr.141/2011 .....                             | 16 |
| Siðareglur ICOM .....                                  | 22 |



## Formáli

Stefna safnsins er endurskoðuð á fimm ára fresti. Þótt engra sviptinga sé að vænta í stefnu safnsins er nauðsynlegt að endurskoða áætlanir þess og sníða af vankanta, um leið og lagðar eru nýjar áherslur sem falla að meginstefnu safnsins. Jafnframt er nauðsynlegt að skoða breytingar á starfsemi nálægra safna og setra og taka tillit til þeirra, ef þörf er á. Höfð er hliðsjón gildandi safnalögum nr. 148/2011, sem tóku gildi 1 janúar 2013.

Safnalög leggja grunninn að starfsemi minjasafna og kveða á um hlutverk þeirra sbr. 3 gr. Safnalaga.

### 3. gr. Hlutverk safna.

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknun, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Haustið 2013 urðu miklar breytingar í starfsumhverfi safna á Íslandi þar sem þess var krafist að söfn fengju viðurkenningu til að vera umsóknarbær og styrkhæf frá hendi Safnaráðs. Til þess að fá viðurkenningu sem safn þurfti að ganga gegnum umsóknarferli þar sem safnið þurfti að uppfylla ýmsar kröfur varðandi brunavarnir, geymsluaðstöðu o.fl. frá hendi Safnaráðs. Byggðasafn Vestfjarða uppfyllir þær kröfur og fékk viðurkenningu. Í Safnalögum, 3 kafla 9. grein er fjallað um viðurkennd söfn:

### 9. gr. Viðurkenning.

Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn nema höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Umsókn um viðurkenningu safns skal beint til safnaráðs. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um starfssvið, rekstrarform, eignarhald, fjármögnun og árlegan rekstrarkostnað ásamt stofnskrá eða samþykkt safnsins og önnur þau skilyrði viðurkenningar sem tilgreind eru í 10. gr.

Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.

Viðurkennt safn á rétt á að nota ákveðið einkennismerki, sem safnaráð hefur látið útbúa. Safni sem svipt hefur verið viðurkenningu er óheimilt að nota einkennismerki viðurkenndra safna.

Viðurkennt safn getur sótt um styrk úr safnasjóði.

### 10. gr. Skilyrði viðurkenningar.

Safn skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast viðurkenningu:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.

2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.

3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.

5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Byggðasöfnum ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag eða landsfjórðung. Með stofnun minjasafns er verið að takast á hendur varðveislu heimilda og gripa til framtíðar í þágu samfélagsins. Almennings á að geta gengið að þessum heimildum vísum. Eigendur safna þurfa að gera sér grein fyrir þessu hlutverki og þeirri skuldbindingu sem felst í safnastarfi til langs tíma. Þeim ber að búa þannig að söfnum að þau geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt og farið eftir gildandi safnastefnu. Telji eigendur sér ekki fært að halda starfsemi safnsins gangandi er mikilvægt að farið sé eftir stofnskrá við ráðstöfun safnkosts.

## Kynning

Fyrstu hugmyndir um sjóminja- og byggðasafn fyrir Vestfirði setti Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur, fram í blaðagrein sem hann ritaði í blaðið Vesturland í desember 1939. Grein sína nefndi hann Sexæringar. Þar bar hann fram þau tilmæli til Ísfirðinga að þeir sameinuðust um að láta byggja sexæring með gömlu lagi og öllum fargögnum. Hugmynd Bárðar var að sexæringurinn yrði fyrsti vísir að héraðs- og sjóminjasafni byggðarlagsins. Hvatti hann menn til að styðja þetta mál með fjárframlögum. Hugmyndin fékk allgóðar undirtektir og var Jóhann Bjarnason, bátasmiður á Ísafirði og fyrrum formaður í Bolungavík, ráðinn til að smíða sexæringinn. Var hann tilbúinn sumarið 1941 og hlaut nafnið Ölver.

Þann 23. júlí 1941 var Byggða- og sjóminjasafn Ísfirðinga stofnað og var Bárður G. Tómasson kosinn fyrsti formaður þess. Á fundinum afhenti hann safninu sexæringinn til eignar og lagði fram greinargerð um kostnað við byggingu hans og fjáröflun. Með byggingu sexæringins má segja að lagður hafi verið grunnur að sjóminjadeild Byggðasafnsins, sem opnað var í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Sjómannadaginn 1988. Þegar verbúðin í Ósvör í Bolungavík var byggð upp var sexæringurinn, ásamt fjölmörgum munum tengdum árabátaútvegi, fluttur þangað og er nú varðveittur þar.



Sexæringurinn Ölver á vígsludaginn 17 júní 1941

Sögufélag Ísfirðinga var stofnað árið 1953 og var eitt af markmiðum þess að efla vöxt og viðgang Byggðasafnsins, en starfsemi þess lagðist að miklu leyti niður eftir 1946 þar sem forystumenn þess voru ýmist fluttir eða á förum til annarra byggðarlaga. Árið 1953 setti stjórn Sögufélagsins fram hugmynd um að endurvekja og færa út starfsemi safnsins. Í lögum um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn frá 1947 voru ákvæði þess efnis, að byggðasöfn skyldu eiga rétt á styrk úr ríkissjóði til stofnunar og reksturs ef hérað eða héruð ákvæðu að koma upp safni, enda væru á þeim slóðum varðveittar fornar byggingar, sem hæfar væru taldar til slíkrar safngeymslu að dómi þjóðminjavarðar. Bæjarstjórn Ísafjarðar og sýslunefndir Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslna ákváðu að gerast sameiginlega eignar- og rekstraraðilar safnsins. Var því gefið nafnið Byggðasafn Vestfjarða að ósk Vestfirðingafélagsins í Reykjavík. Í ársbyrjun 1975 gerðist Bolungarvíkurkaupstaður svo aðili að safninu. Fyrsti formaður stjórnar Byggðasafns Vestfjarða var kjörinn Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður og bæjarfógeti.

Við sameiningu sveitarfélaganna Ísafjarðar, Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar í júní 1996, urðu stjórnarmál Byggðasafnsins utanveltu í nýju stjórnskipulagi og var engin stjórn starfandi frá árinu 1996 til vorsins 2005. Þá var skipuð stjórn að nýju og voru það sveitarstjórnir í Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, svo og Súðavík, sem ákvað að gerast aðili að safninu, sem skipuðu hver sinn stjórnarmann ásamt varamönnum.

Safnið starfar eftir samþykkt frá 2011, og er stjórnarfyriðkomulag samkv. 8. grein þeirra:

*Rekstur safnsins og fjármálaumsýsla er á höndum Ísafjarðarbæjar. Í stjórn safnsins sitja sveitarstjórnar sveitarfélaganna þriggja, en formenn bæjarráða Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur og oddviti sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps eru þeirra varamenn. Formaður stjórnarinnar er bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar er varaformaður og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er ritari. Stjórnin skal hittast að lágmarki tvisvar til þrisvar á ári og hefur það megin hlutverk að hafa eftirlit með fjárhag safnsins og samþykkja fjárhagsáætlun þess, auk annarra lögboðinna verkefna stjórnar. Hlutverk stjórnarinnar verður þannig að megin uppistöðu fjármálalegt og stefnumótandi (í samræmi við 6. gr.), en ekki faglegt. Stjórn safnsins starfar í samræmi við siðareglur ICOM. Forstöðumaður situr fundi stjórnar og hefur þar tillögurétt og málþreisi.*

## Húsnæðismál safnsins

Byggðasafn Vestfjarða var í upphafi með sýningaraðstöðu á lofti sundhallarinnar á Ísafirði. Það húsnæði þótti vel viðunandi á sínum tíma, allnokkuð stórt, en kröfurnar hafa aukist svo að það þótti að lokum óhæft, og uppfyllti engan veginn þær kröfur sem nú eru gerðar til slíks húsnæðis. Það fór því svo að því var lokað árið 1986. Árið 1988 flutti svo Byggðasafnið sjóminjadeild sína í Turnhúsið í Neðstakaupstað, og hefur verið þar síðan, en sökum húsnæðisskorts hefur ekki verið unnt að sýna aðra hluti en þá sem tengjast sjávarútvegi. Nú horfir hins vegar í rétta átt með lausn á húsnæðisvanda safnsins, og eru þau mál í góðum farvegi. Risinn er fyrsti áfangi í byggingu nýs safnhúss, stór og góð geymsla, sem er tilbúin til notkunar. Óvíst er hvenær hafist verður handa við næsta áfanga. Þ.e. sjálft sýningarhúsnæðið, sem er stórt og dýrt verkefni, en vonandi verður það sem fyrst. Ýmsar þreifingar hafa verið í gangi með hugsanlega samnýtingu þess hluta og eru vonir um að bráðlega verði hægt að hefja framkvæmdir við þennan seinni áfanga byggingarinnar.



Turnhúsið og saltfiskur á reit.

Aðalgeymsluhúsnæði safnsins er í nýju geymslunni í Neðstakaupstað og í smiðjunni í Neðsta. Mjög er farið að þrengja að safninu með geymslupláss fyrir stærri muni safnsins. Hugmyndir eru uppi um sameiginlega geymslu fyrir söfnin, þ.e. Listasafn, skjalasafn, ljósmyndasafn og byggðasafn og verið er að vinna að úrlausn þessa geymslufundamáls. Minni vélbátar safnsins eru geymdir í aðstöðu sem safnið hefur fyrir þá í flugskýli ISAVIA á Ísafjarðarflugvelli, en aðrir eru geymdir á floti.

## Markmið

Markmið safnsins er að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni og minjar sem hafa sögulegt gildi fyrir íbúa norðanverðra Vestfjarða og miðla upplýsingum um menningararf þeirra. Áhersla er lögð á að safna samstæðum heildum sem geyma vitneskju um mannlíf, heimilishald, fjölskylduhætti og horfna starfshætti. Munir tengdir sjávarútvegi eru ráðandi í safninu, landbúnaðaráhöld eru flest frá búskaparháttum útvegsbóndans og verður lögð áhersla á lífsviðurværi hans.

Áhersla er lögð á þróun sjávarútvegs frá öndverðu til vélvæðingar, daglegt líf til sjávar og sveita og í þéttbýli ásamt félags- og menningarsögu. Á næstu árum verður lögð áhersla á að skrá muni safnsins og koma þeim fyrir í geymslu og er safnið aðili að SARPI sem er miðlægur gagnagrunnur safna á Íslandi. Forsenda öflugrar minjaverndar er upplýsingaöflun, rannsóknir og miðlun. Óskandi væri að á næstu árum væri hægt að auka rannsóknir sem kostur er og öðrum stofnunum verður gefið tækifæri til að sýna muni úr safninu. Sóst er eftir samstarfi við aðrar stofnanir á sem

flestum sviðum safnastarfsins og öðrum þeim aðilum sem vinna að því að efla og halda vörð um minjavörslu, eftir því sem kostur er.

## Söfnunarstefna

Hlutverk Byggðasafns Vestfjarða er að gera skil sögu mannlífs og náttúru á norðanverðum Vestfjörðum. Það gerir safnið með því að varðveita, rannsaka og sýna gögn, gripi og aðrar minjar því tengdu. Byggðasafn Vestfjarða safnar minjum sem gefa mynd af sögu, mannlífi og náttúru héraðsins. Öll skjöl sem berast til Byggðasafnsins eru falin Héraðsskjalasafninu á Ísafirði til varðveislu, og allar ljósmyndir sem berast til Byggðasafnsins eru falin Ljósmyndasafninu Ísafirði til varðveislu.

## Söfnunarsvæði

Söfnunarsvæði Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarsýslur, eða Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík, eins og það ákvarðast stjórnarfrars- og landfræðilega af sýslumörkum, og skarast það ekki við söfnunarsvæði annarra safna. Auk þess tekur það, við sérstakar aðstæður, við munum úr öðrum héruðum.

## Aðföng

Söfnun náttúru- og menningarminja fylgir ábyrgð sem Byggðasafn Vestfjarða skal rækja sem best á hverjum tíma. Til grundvallar við meðferð muna, aðföng þeirra og grisjun skal fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums (ICOM). Í fyrirrúmi skal höfð nærgætni og virðing fyrir safnmunum og fyrri eigendum þeirra.

Tekið er á móti munum og metið hvort þeir falli að söfnunarstefnu safnsins, séu sýningarhæfir eða hafi gildi til rannsókna. Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af þeim er afhendir eða starfsmanni safnsins. Þegar tekið er við grip er hann hreinsaður, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Starfsmenn skulu ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands og ber að gera það undantekningarlaust ef vafaatriði koma upp um snyrtingu eða lagfæringu á safngrip. Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afþakka hann, benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað, með sérstökum skriflegum samningi, þangað til safnið getur tekið hann í sína vörslu. Allar líkur eru á að safnið þurfi á næstu árum að hafna auknum fjölda muna sem berst safninu, einfaldlega vegna plássleysis, og að ennfremur þurfi að grisja núverandi safnkost frekar. Ekki skal að jafnaði taka við munum sem á einhvern hátt fylgja sérstök skilyrði.

## Skráning

Hver safngripur skal skráður í rafræna aðfangaskrá við móttöku. Síðan skal hann skráður í gagnagrunninn Sarp svo fljótt sem auðið er. Skráning muna skal vera ítarleg og faglega unnin.

## Lán á safngripum

Byggðasafn Vestfjarða skal leitast við að vera í góðu samstarfi við þá sem þess óska um lán á safngripum. Aðbúnaður og meðferð munar skal þó ætíð höfð í fyrirrúmi. Byggðasafn Vestfjarða getur einnig óskað eftir munum að láni, bæði frá öðrum söfnum sem og stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Mikilvægt er að samstarf sé öllum aðilum til hagsbóta. Safnvörður ákveður hvort og hvenær má lána gripi. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning.

## Grisjun

Meginreglan er sú að ef tekið hefur verið við grip til varðveislu þá skal hann verða hluti af safnkosti um ókomna tíð. Þó getur við sérstakar aðstæður þurft að grisja safnkost og skal það þá gert í samræmi við þau lög og reglur sem gilda á hverjum tíma.



## Ráðgjöf

Byggðasafn Vestfjarða veitir ýmsa faglega ráðgjöf t.d. til einstaklinga, félagasamtaka og þeirra aðila sem eftir því leita.

## Fræðslustefna

Reynt verður að hvetja til safnheimsóknna nemenda á öllum aldurs skeiðum og lögð áhersla á að vekja athygli á möguleikum skólanna að nýta sér safnið við hinar ýmsu rannsóknir innan og utan skólastofunnar. Með sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um ýmsa þætti mannlífs fyrr á tímum. Þannig er sýningargestum gert kleift að skyggjast inn í sögu þjóðarinnar, og leggja mat á fortíð og samtíð og víkka sjóndeildarhringinn, hvort sem horft er til fortíðar eða framtíðar. Á næstu árum er stefnt að því að efla tengsl skóla og safns eins og kostur er.

## Útgáfa

Þörf er á að endurnýja safnvísi þann sem safnið gaf út árið 2005 sem var mjög ítarlegur og var farið mjög vítt yfir allt sem tengist sjávarútvegi og sjávarnytjum. Safnið hefur staðið fyrir útgáfu á matreiðslubók með saltfiskuppskriftum, harmonikubók, póstkortum, og árlega er gefinn út bæklingur fyrir ferðamenn um safnið. Það sem helst hefur staðið í vegi fyrir frekari útgáfu er prentkostnaður sem er mikill. Unnið verður að frekari útgáfu á ýmsu því sem tengist atvinnu- og menningarsögu á safnasvæði BSV.

## Söfnunarsvið

Hér fer á eftir upptalning á ýmsum flokkum muna með þeim fyrirvara að safnið áskilur sér rétt til að hafna gripum þó að þeir falli undir safnastefnu safnsins. Þar geta legið ástæður að baki, s.s. ástand eða umfang gripsins o.þ.h.

- ❖ **Landbúnaður** - gömul áhöld og verkfæri, stærri verkfærum er beint til Landbúnaðarsafns Íslands.
- ❖ **Sjávarnytjar** - bátar, veiðarfæri, sjóklæðnaður, siglingatæki frá því fyrir 1970.
- ❖ **Verslunarminjar** - munir sem eru eldri en frá árinu 1950 og tengjast verslunarsögu héraðsins.
- ❖ **Iðnaður** - iðnaðarminjar í heildum, þar sem hægt er að sjá hvernig menn höguðu smíðum í heimahúsum og á verkstæðum á upphafsárum iðnvæðingarinnar.
- ❖ **Heimilisiðnaður** - Safnað er tækjum og tólum sem því tengjast, tóskap, útskurði og öðrum heimilisiðnaði. Safnað er útskornum gripum, gull- og silfursmíðum og verkfærum sem tilheyra þeirri iðju. Textílum sem tengjast sérstökum viðfangsefnum er safnað, þó ekki í stórum stíl.
- ❖ **Heimilishald** - heimilismunum í heildum og flestu sem varpar ljósi á heimilishald á vestfirskum heimilum á 19 og fram yfir miðja 20 öld. Lítil áhersla er lögð á að safna fatnaði, en safnað er íslenskum búningum og skarti þeim tengdum.
- ❖ **Híbýlahættir** - innastokksmunum frá liðnum öldum, þó sér í lagi handverksmunum.
- ❖ **Samgöngur** - munum sem tengjast ferðalögum á landi fyrir vélaöld s.s. skíði, skautar og sleðar.
- ❖ **Félagslíf** - munum sem tengjast félagsstarfi, íþróttastarfi, skemmtunum, tónlist og annari dægradvöl, svo og þeim munum sem tengjast skólalaldi byggðalagsins.
- ❖ **Skólalald** - Safnað er munum og heimildum sem tengjast skólalaldi í héraðinu. Það er hvort sem það tengist námsefni og kennslu eða almennu félagslífi í skólunum.
- ❖ **Kirkjugripir** – safnað er minni gripum s.s. kaleikum, patínum, kertastjökum o.s.frv. Stærri gripum er beint til Þjóðminjasafns Íslands.

- ❖ **Fjölskylduhættir** - munum sem tengjast tyllidögum og lifnaðarháttum fólks fyrr á fram undir 1960, barnaleikföngum o.fl.
- ❖ **Lækningaminjar** - munum sem tengjast lækningum í byggðalaginu og heimildir og gripir ljósmæðra fyrr á tímum.
- ❖ **Tækniminjar** - að öllu jöfnu tekur safnið ekki við tölvum, prenturum o.þ.h. tæknibúnaði nema rík ástæða sé til og er það metið hverju sinni.
- ❖ **Myndlist** - myndlist sem safninu berst er komið í vörslu Listasafns Ísafjarðar.
- ❖ **Ljósmyndir** - ljósmyndum þeim sem safninu berast er komið í vörslu Ljósmyndasafnsins Ísafirði.
- ❖ **Skjöl** - skjölum þeim sem safninu berast er komið í vörslu Héraðsskjalasafns Ísafjarðar.

## Starfsemin

### 1. Safnsvæðið í Neðstakaupstað

Í gömlu húsapyrpingunni í Neðstakaupstað er aðalathafnasvæði safnsins og geymslu og sýningarhúsnæði þess. Í Turnhúsinu er staðsett sjóminjadeild safnsins síðan árið 1988, og á svæðinu fyrir utan er hluti af bátum safnsins, og fiskþurrkreitar þess. Á svæðinu er einnig matsölustaðurinn vinsæli Tjöruhúsið. Reikna má með að á svæðið í Neðstakaupstað komi um 30.000 manns á hverju sumri ef taldir eru þeir sem koma á safnið og þeir sem fara og fá sér að borða í Tjöruhúsinu.



Nokkrir bátar safnsins á siglingu

### 2. Bátasafnið

Byggðasafnið á mikið safn báta og eru þeir í misjöfnu ástandi. Stefna safnsins er sú að allir bátar safnsins verði sjófærir að viðgerð lokinni. 5 vélbátar safnsins eru sjófærir með gangfæra vél og í góðu standi, þ.e. Hermóður, Jóhanna, Gestur, Eljan frá Nesi og Gunnar Sigurðsson. Unnið er að viðgerð á Sædís sem gengur mjög hægt vegna fjárskorts. Einnig gengur hægt með framkvæmdir við Maríu Júlíu af sömu ástæðu. Á Þingeyri er unnið að endursmíði á trillunni Rán og í Hnífsdal hafa áhugasamir einstaklingar tekið að sér endursmíði á trillunni Stundvís sem er langt komin. Áfram verður haldið á sömu braut og bátarnir Tóti, Örn og Jörundur bíða viðgerðar.



Sædís í Bárðarslipp

### 3. Bárðarslippur

Bárðarslippur er elsta varðveitta dráttarbraut Íslendinga og var hann upphaflega reistur á Torfnesi á Ísafirði. Slippurinn var samstarfsverkefni Ísafjarðarkaupstaðar og Bárðar G. Tómassonar. Með samstarfinu varð til Skipabraut Ísafjarðar h.f. og voru hluthafar í upphafi Ísafjarðarkaupstaðar og allir eigendur ísfirskra fiskibáta. Hafist var handa við byggingu slíppsins árið 1917 og fyrsta skipið dregið á land 1921. Marsellíus Bernharðsson kaupir slippinn af Bárði Tómassyni árið 1944 og rekur hann á Torfnesi fram undir 1970. Þá var ákveðið að byggja Menntaskóla þar sem slippurinn stóð og urðu lyktir þær að slippurinn var færður á þann stað sem hann er nú. Hann hentar vel til upptöku á minni bátum og fyrir nokkru fór fram stór viðgerð á spilhúsi



Úr vélsmiðju G.J.S á Þingeyri

og dráttarbraut.

#### **4. Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri**

Á árinu 2013 var farið þess á leit við Byggðasafn Vestfjarða að það tæki að sér Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri. Það gekk eftir og sumarið 2014 var smiðjan opin á sama tíma og Byggðasafnið þ.e. frá kl 9-6 alla daga frá 15 maí – 15 september, og var einn starfsmaður Byggðasafnsins á staðnum og veitti leiðsögn gestum og gangandi. Smiðjan er mjög merkileg fyrir margra hluta sakir. Hún var stofnuð árið 1913 af Guðmundi J. Sigurðssyni og Gramsverslun, og er að nokkru leyti búin upprunalegum tækjum og búnaði sem enn er í góðu lagi. Í smiðjunni voru smíðaðir varahlutir í íslenska og erlenda báta í seinni heimsstyrjöldinni og síðar, þar var rennismíði og málmsteypa og laghentir menn sem smíðuðu allt milli himins og jarðar. Smiðjan var starfandi allt til ársins 1995.

#### **5. Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar**

Árið 2008 afhentu hjónin Ásgeir S. Sigurðsson og Messíana Marsellíusdóttir Byggðasafni Vestfjarða harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar að gjöf. Þá taldi safnið 140 harmonikur af ýmsum stærðum og gerðum. Ákveðið var strax að safnið yrði sérsafn innan Byggðasafns Vestfjarða. Strax fyrsta sumarið var hluti þeirra til sýnis í Turnhúsinu og á seinni árum hefur athafnasvæði Harmonikusafnsins stækkað. Nú er svo komið að að öllu jöfnu eru til sýnis um 60 harmonikur úr safninu sem er skipt út árlega og endurnýjað. Heildarsafnið er þó aðgengilegt áhugasömum í geymslu safnsins og er þar harmonikunum raðað upp eftir númerum. Enn bætist við í harmonikusafnið og eru harmonikurnar nú rúmlega 200 talsins. Þegar skemmtiferðaskip eru í höfn hefur Ásgeir sjálfur verið á vaktinni á Harmonikusafninu og sýnt það gestum.



Harmonika úr safni ÁSS

#### **6. Sýningar**

Reglulega er skipt um sýningu í Turnhúsinu þar sem ýmsum þáttum úr þjóðlífinu eru gerð skil. Byggðasafnið kemur auk þess að margskonar sýningum fyrir stofnanir og fyrirtæki ef óskað er eftir til kynningar á sögulegum bakgrunni og tengingu við nútímann.

### **Samvinnuverkefni**

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á samvinnu við aðrar stofnanir innan héraðs og utan í þeim tilgangi að auðga starfsemi safnsins. Samvinnuverkefni sem safnið hefur verið aðili að og sem munu halda áfram næstu árin eru:

#### **1. Áhugamannafélag um rekstur Maríu Júlíu**

Sumarið 2003 bauð Þórsberg hf. á Tálknafirði Minjasafni Egils Ólafssonar og Byggðasafni Vestfjarða að ganga inn í kaup á Maríu Júlíu. Forstöðumenn safnanna þáðu boðið en óskuðu jafnframt eftir fresti til finna leiðir til fjármögnunar. Stofnað var félagið Áhugamannafélag um rekstur Maríu Júlíu og var megin markmið þess að finna rekstrargrundvöll fyrir skipið Megintilgangurinn með kaupum á Maríu Júlíu BA 36 var að varðveita og endurgera skipið og gera það út í siglingahæfu ástandi. Fyrst í stað fengust styrkir frá fjárlaganefnd til viðgerðar á skipinu og hafin var vinna við að rífa burt seinni tíma viðbætur og kanna ástand skipsins. Eftir að fjárlaganefnd hætti að veita styrki beint til álíka verkefna hefur ekkert gengið í endurbótum. Upphaflega var stefnt að því að skipið yrði rekið sem sjálfstæð safneining í samstarfi Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti og Byggðasafns Vestfjarða á Ísafirði. Í ljósi þess hve illa hefur gengið að fjármagna verkefnið verður að leita allra hugsanlegra leiða til að bjarga megi skipinu, jafnvel að útvista viðgerð þess eitthvað annað þar sem betri möguleikar eru á að fá fjármagn í viðgerðina og hefur þar verið horft til Akureyrar, þar sem hliðstæð verkefni hafa verið í gangi, sbr. Húnafélagið. Hvernig rekstrarlega hliðin yrði að verkefni loknu verður að skoðast sérstaklega, og eru uppi ýmsar hugmyndir með það

#### **2. Samband Íslenskra sjóminjasafna.**

Byggðasafn Vestfjarða er aðili að Sambandi Íslenskra Sjóminjasafna. Að því standa sjóminjasöfn landsins og þau söfn þar sem aðallega er fjallað um sjóminjar eða muni tengda sjómennsku, siglingum og strandmenningu Íslands.

### **3. Saltfiskveislur.**

Byggðasafn Vestfjarða hefur um árabil þurrkað saltfisk á grjótreit sem er utan við safnið í Neðstakaupstað. Með því er safnið að viðhalda fornri vinnsluaðferð, sem hvergi er stunduð í dag. Safnið hefur frá árinu 2002 staðið fyrir veislum einu sinni á ári og kappkostað að sýna marga möguleika saltfisksins í matargerð.

### **4. Náttúrustofa Vestfjarða - Ósvör**

Útræði hefur verið stundað frá Bolungarvík frá upphafi Íslandsbyggðar enda stutt að sækja á fengsæl fiskimið. Safnið í Ósvör er endurgerð verstöð til minningar um horfna atvinnuhætti og þar má nú gaumgæfa hvernig sjósókn var háttað í Bolungarvík og um allt land á liðnum öldum. Árið 1988 var hafist handa við að endurreisa gamla verbúð í Ósvör og nú er þar flest svipað og á tímum áraskipanna og eru fjölmargir hlutir þar í eigu Byggðasafns Vestfjarða s.s. sexæringurinn Ölver með öllum farviðum, og er hann jafnframt fyrsti skræði safngripur Byggðasafns Vestfjarða frá árinu 1941.

### **5. Vestfirðir á Miðöldum**

Rannsóknar- og þróunarverkefninu „Vestfirðir á miðöldum“ var ýtt úr vör í byrjun árs 2003. Að því standa Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Byggðasafn Vestfjarða, Fornleifastofnun Íslands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands og Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder við háskólann í Osló, Galdrasafnið á Ströndum, Menntaskólinn á Ísafirði og Náttúrustofa Vestfjarða. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á sögu Vestfjarða og hefur það þrípættan tilgang:

- ❖ að skilja betur sérstöðu landshlutans, sögu þess og skilyrði til búsetu í aldanna rás, með það fyrir augum að varðveita og styrkja núverandi byggð;
- ❖ að svara fræðilegum spurningum sem varða bæði sögu Íslands og Evrópu frá 900 til 1800 (atvinnuhættir, menning, lærdómur og samfélagsgerð);
- ❖ að renna styrkari stoðum undir menningartengda ferðaþjónustu með nýrri þekkingu á sögu landshlutans, með útgáfu efnis sem miðlar þeirri þekkingu og með undirbúningi að nýjum áfangastöðum fyrir ferðamenn.

### **6. Hornstrandastofa.**

Friðlandið Hornstrandir var stofnað 1975. Þar er að finna feikna há fuglabjörg eru iðandi af sjófugli. Á Hornströndum var áður byggð sem þótti um margt sérstæð. Landslag á þessum slóðum hefur áhrif á ímyndunaraflið þannig að sagnir um tröll og forynjur vakna enda hefur náttúru trúin líklega hvergi verið jafn sterk og á Hornströndum. Dýralíf og gróðurfar á svæðinu bera skýr merki þess að ágangur manna og búfænaðar er takmarkaður. Byggðasafn Vestfjarða er ríkt af munum frá fyrrum íbúum Hornstranda og stefnir að samvinnu við Hornstrandastofu um kynningu á þeim búskaparháttum sem þar voru viðhafðir.

### **7. Litlibær í Skötufirði**

Safnið vinnur í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands, húsasafn þess, og ábúendur á Hvítanesi, að viðgerð húsanna á Litlabæ, og mun þegar henni verður lokið koma upp sýningu þar sem lífsháttum vestfirska útvegsbóndans verða gerð skil.

### **8. Melrakkasetur Íslands í Súðavík.**

Í Súðavík er lokið endursmíði gamla Eyrardalsbæjarins sem var byggður á seinni hluta 19 aldar. Í húsinu er fræðasetur sem helgað er íslenska melrakkanum sem er af tegundinni *Vulpes lagopex* og er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað í Súðavík 15. september 2007 og meðal stofnfélaga eru einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög. Þessir aðilar eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á íslensku tófunni og öllu sem henni viðkemur, svo og náttúrulífs- og sögutengdri ferðaþjónustu. Byggðasafn Vestfjarða og Melrakkasetur Íslands er í samvinnu með safnmuni sem tengjast starfsemi beggja safnanna.

### **9. Vigur**

Eyjan Vigur í Ísafjarðardjúpi er sannkölluð náttúruperla. Þar stendur vindmylla sem er sú eina á landinu, byggð 1840, Viktoríuhús, byggt 1860, og í því eru nokkrir gripir Byggðasafnsins til sýnis.

## **10. Bæirnir þrír**

Samstarfsverkefni Byggðasafns Vestfjarða við Síldarminjasafnið á Siglufirði og Tækniminjasafns Austurlands um margvíslega starfsemi og sýningar um ókomin ár.

## **11. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri**

Á Hrafnseyri við Arnarfjörð er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar forseta. Þar er starfrækt safn sem helgað er minningu hans og má þar m.a. sjá margar myndir úr lífi og starfi Jóns og eiginkonu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Í eldhúsinu í gamla bænum eru ýmsir gripir frá Byggðasafni Vestfjarða.

## **12. Gamla sjúkrahúsið.**

Á Gamla sjúkrahúsinu eru alltaf í gangi ýmsar sýningar litlar sem stórar. Byggðasafnið hefur yfirleitt tekið þátt í jólasýningu hússins auk einstaka sérsýninga.

## **13. Tónlistarsafn Íslands**

Hið gríðarstóra harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar hefur vakið mikla athygli og nokkur hljóðfæri af safninu eru í láni hjá Tónlistarsafni Íslands

## **Lokaorð**

Byggðasafn Vestfjarða er mikilvægt nánasta samfélagi sínu þar sem því ber að varðveita og kynna menningar- og atvinnusögu Vestfjarða. Safnastefnu þessa skal hafa til hliðsjónar af starfi safnsins, bæði innra starfi sem og því sem sýnilegra er almenningi. Fagleg vinnubrögð og skýrt mörkuð stefna er vænlegust til góðs árangurs og áframhaldandi uppbyggingar safnsins. Þó munu álitamál ætíð koma upp sem og breytingar á samfélagi eða öðru sem gera það að verkum að endurskoðun og gagnrýn hugsun á safnastefnunni skal höfð í fyrirrúmi.

## Viðauki:

### Samþykktir Byggðasafns Vestfjarða

#### 1. gr.

Safnið heitir BYGGÐASAFN VESTFJARÐA, stofndagur þess er 23. júní árið 1941.

#### 2. grein

Safnið starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og öðrum þeim lögum sem snúa að starfsemi þess og lútir alþjóðlegum siðareglum ICOM og gildandi Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu.

#### 3. grein

Lögheimili safnsins er Turnhús, 400 Ísafjörður, og hefur það kennitöluna: 660463-0119. Safnið er rekið af Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi. Eignaskiptingin er hlutfall íbúanna í sveitarfélögunum.

#### 4. grein

Hlutverk safnsins er alhliða söfnun, skráning, varðveisla og miðlun þjóðlegra verðmæta, gripa jafnt sem annarra heimilda, sem snerta byggðasögu starfssvæðis safnsins, svo sem sögu sjávarútvegs, siglinga, verslunar, landbúnaðar og annarra atvinnugreina, félags- og menningarsögu þess í víðasta skilningi. Safnið stundar jafnframt rannsóknir á safnkosti. Þá getur safnið staðið fyrir sérsýningum á gripum og heimildum, innlendum sem erlendum, sem tengjast safnkosti þess eða útskýra hann. Jafnframt er heimilt að sýna gripi safnsins annars staðar um skamman tíma, jafnt sem hluta af heild eða einstaka gripi.

#### 5. grein

Alla muni og önnur safnverðmæti er berast safninu, skal skrásetja vandlega, merkja og koma í svo tryggja vörslu sem unnt er. Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið hefur eignast, en láta má þá í skiptum fyrir aðra gripi liggi fyrir einróma samþykki stjórnar nema öðruvísi sé áskilið af gefanda eða seljanda. Ekki er safninu skylt að veita viðtöku munum eða öðrum minjum sem sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu.

## 6. grein

Hlutverk safnsins er í höfuðatriðum tvíþætt: Í fyrsta lagi söfnunarhlutverk en safnið safnar skv. söfnunarstefnu. Í öðru lagi skal safnið vera kennslu- og fræðslustofnun fyrir almenning og skóla. Þessum markmiðum skal náð með föstum sýningum, skyndi- eða farandsýningum sem víðast á starfssvæðinu og í samstarfi við skólayfirvöld hverju sinni. Stjórn safnsins ákvarðar nánar stefnuna í starfsemi þess á hverjum tíma með hliðsjón af hlutverki þess.

Starfsemi safnsins felur m.a. í sér eftirfarandi:

- ✓ Yfirstjórn (forstöðumaður og stjórn).
- ✓ Söfnun, móttöku og frumskráningu muna í aðfangabækur.
- ✓ Tölvuskráningu safnmuna í gagnagrunninn Sarp.
- ✓ Varðveislu, forvörslu og viðgerðir.
- ✓ Miðlun, hönnun og uppsetningu sýninga.
- ✓ Móttöku og leiðsögn gesta.
- ✓ Heimildaöflun, rannsóknir á safnmunum og sögu þeirra.
- ✓ Gerð kynningarefnis (bæklingar-heimasíða-margmiðlun).
- ✓ Viðhald safnhúsa.
- ✓ Endurbyggingu og viðhald sögulegra báta og strandminja.
- ✓ Fjármögnun rekstrar og nýframkvæmda.
- ✓ Rekstur safnverslunar.
- ✓ Safnið er opið almenningi, ferðahópum og skólahópum árið um kring.
- ✓ Safnið starfar eftir starfsáætlun til 4 ára í senn.
- ✓ Safnið hefur söfnunarstefnu.

## 7. grein

Heimilt er að varðveita hluta af safnminjum utanhúss, gefist ekki kostur á að flytja þær undir þak eða ef betur hentar að varðveita þær annars staðar. Ráðstöfun og meðferð slíkra minja skal þó bundin ákvörðun stjórnar, eins og gildir um aðrar eignir þess. Undir safnið geta heyrt munir og mannvirki, sem varðveittir eru um allt starfssvæðið.

## 8. grein

Rekstur safnsins og fjármálaumsýsla er á höndum Ísafjarðarbæjar. Í stjórn safnsins sitja sveitarstjórar sveitarfélaganna þriggja, en formenn bæjarráða Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur og oddviti sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps eru þeirra varamenn. Formaður stjórnarinnar er bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar er varaformaður og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er ritari. Stjórnin skal hittast að lágmarki tvisvar til þrisvar á ári og hefur það megin hlutverk að hafa eftirlit með fjárhag safnsins og samþykkja fjárhagsáætlun þess, auk annarra lögboðinna verkefna stjórnar. Hlutverk stjórnarinnar verður þannig að megin uppistöðu fjármálalegt og stefnumótandi (í samræmi við 6. gr.), en ekki faglegt. Stjórn safnsins starfar í samræmi við siðareglur ICOM. Forstöðumaður situr fundi stjórnar og hefur þar tillögurétt og málfrelsi.

## 9. grein

Safnstjóri/forstöðumaður er ráðinn af stjórn safnsins og starfar í umboði hennar og ber ábyrgð á rekstri safnsins. Hann hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið hvað varðar fjárhag, starfsmannamál, söfnun minja og lán á minjum og vinnur í nánnum tengslum við sameiginlega menningarmálanefnd sveitarfélaganna að stefnumótun. Safnstjóri hefur aðgengi að eigendum safnsins. Hann skal fylgja siðareglum ICOM. Safnstjóri skal gegna 100% launaðri stöðu við safnið.

## 10. grein

Aðalfund skal halda á tímabilinu janúar - mars ár hvert. Á þeim fundi skulu lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar. Stjórn ásamt forstöðumanni útbýr fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi starfsár og gengur frá styrkumsóknum. Safnið er rekið af Ísafjarðarbæ og bókhald, greiðsla reikninga og fjármálaumsýsla eru hluti af stjórnarsýslusviði sveitarfélagsins, en fjárhagur þess er sjálfstæður. Arður af starfsemi safnsins skal ganga til uppbyggingar safnsins sjálfs.

## 11. grein

Sameiginleg menningarmálanefnd, skipuð þremur fulltrúum Ísafjarðarbæjar, einum fulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar og einum fulltrúa Súðavíkurhrepps, hefur faglega umsjón með safninu. Nefndin hittist tvisvar til fjórum sinnum á ári og mótir framtíðarsýn safnsins.

## 12. grein

Fastar tekjur eru árlegt framlag frá eigendum safnsins og þær tekjur sem stjórn safnsins tekst að afla með rekstri þess. Framlag eigenda skal ákvarðað fyrir hvert starfsár í fjárhagsáætlun safnsins sem lögð skal fyrir sveitarstjórnirnar þrjár. Skipting framlagsins á milli eigenda skal vera hlutfallsleg skv. íbúatölu sbr. 3. gr. þessara samþykktu.

## 13. grein

Yfirstjórn er heimilt að ráða að safninu starfskrafta eftir því sem fjárhagur leyfir til þess að vinna að söfnun minja, skrásetningu, forvörslu, uppsetningu og öðrum starfsþáttum safnsins.

## 14. gr.

Verði safnið lagt niður skal safnkosti ráðstafað í samráði við yfirumsjón þjóðminjavörslunnar í landinu og öðrum eignum í samráði við mennta og menningarmálaráðuneyti.

## 15. gr.

Samþykkt þessi er samkv. ákvæðum safnalaga nr. 141 sem tóku gildi 1. janúar 2013 og verður ekki breytt nema með samþykki allra eignaraðila og skal leitað staðfestingar safnaráðs á þeim breytingum sem samþykktar eru.

Gjört 7. september 2013.

F.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

F.h. bæjarstjórnar Bolungarvíkur

*Daníel Jakobsson (sign)*

*Elías Jónatansson (sign)*

F.h. Súðavíkurhrepps

*Ómar Már Jónsson (sign)*

# Safnalög Nr.141/2011

## I. KAFLI

### **Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.**

#### 1. gr.

*Tilgangur.*

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.



2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi taka til safna í eigu ríkisins og til annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt lögum þessum.  
Lög þessi taka ekki til bóka- og skjalasafna.

3. gr.

*Hlutverk safna.*

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almenninga og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

4. gr.

*Höfuðsöfn, viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn.*

Höfuðsöfn eru í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru stofnuð með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra.

Viðurkennt safn er safn sem ráðherra hefur veitt viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Slíkt safn hefur tiltekið starfssvið eða starfssvæði sem er tilgreint í stofnskjali þess.

Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

5. gr.

*Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar.*

Safnvísar sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr.

Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.

Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum.

Safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn skv. 22. gr.

## **II. KAFLI**

### **Skipulag.**

6. gr.

*Yfirstjórn og framkvæmd.*

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi ná til.

Safnaráð er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna.

7. gr.

*Safnaráð.*

Ráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnmanna einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmanntil í safnaráð lengur en tvö samfelld starfs tímabil. Fulltrúar í safnaráði og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á safnamálum og reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.

Ráðherra ákveður aðsetur safnaráðs.

Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

8. gr.

#### *Höfuðsöfn.*

Höfuðsöfn eru þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.

Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan.

Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

### **III. KAFLI**

#### **Viðurkennd söfn.**

9. gr.

#### *Viðurkenning.*

Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn nema höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Umsókn um viðurkenningu safns skal beint til safnaráðs. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um starfssvið, rekstrarform, eignarhald, fjármögnun og árlegan rekstrarkostnað ásamt stofnskrá eða samþykkt safnsins og önnur þau skilyrði viðurkenningar sem tilgreind eru í 10. gr.

Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.

Viðurkennt safn á rétt á að nota ákvæðið einkennismerki, sem safnaráð hefur látið útbúa. Safni sem svipt hefur verið viðurkenningu er óheimilt að nota einkennismerki viðurkenndra safna.

Viðurkennt safn getur sótt um styrk úr safnasjóði.

10. gr.

#### *Skilyrði viðurkenningar.*

Safn skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast viðurkenningu:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.

3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnaði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnaði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

11. gr.

#### *Stofnstyrkir.*

Heimilt er að veita viðurkenndu safni styrk úr ríkissjóði til að mæta stofnkostnaði. Til að styrkur komi til álita skal fylgja skilmálum er safnaráð setur um húsnaði safna. Þeir skilmálar skulu m.a. kveða á um öryggi og varðveislu safngripa.

Framlagið skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safnsins gera við ráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast eða kaupsamningur er gerður. Sé þessum formlegu kröfum ekki fylgt á safnið ekki kost á stofnstyrk úr ríkissjóði í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Fyrir undirritun samnings um framlag ríkisins samkvæmt þessari grein skal viðkomandi safn leggja fram staðfestingu á því að annar stofnkostnaður sé tryggður.

Fjárveitingar til stofnstyrkja samkvæmt þessari grein eru háðar ákvörðun Alþingis um framlög í fjárlögum.

12. gr.

#### *Lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts.*

Í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal kveðið á um ráðstöfun eigna þess og safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

### **IV. KAFLI** **Ábyrgðarsöfn.**

13. gr.

#### *Skilgreining og hlutverk.*

Ráðherra getur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið viðurkenndu safni að bera faglega ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs. Ábyrgð safnsins getur náð til afmarkaðs sviðs eða tiltekins landsvæðis.

Ábyrgðarsafn skal starfa í nánú samráði við höfuðsafn á viðkomandi safnasviði.

Ábyrgðarsafn skal veita öðrum söfnum, safnvísum, setrum og sýningum á sínu sviði eða landsvæði ráðgjöf og leiðbeiningar eftir því sem kostur er.

Forstöðumaður ábyrgðarsafns skal vera í fullu starfi og hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á sviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Safnið skal að auki hafa hið minnsta einn starfsmann með menntun eða staðgóða þekkingu og reynslu á ábyrgðarsviði safnsins.

Nánar skal kveðið á um verkefni, ábyrgðarsvið og fjárveitingar í tímabundnum samningi milli ráðuneytis, hlutaðeigandi safns og viðkomandi höfuðsafns.

### **V. KAFLI** **Viðurkennd söfn og starfsemi þeirra.**

14. gr.

#### *Starfsemi.*

Söfn samkvæmt lögum þessum eru með fastan rekstur og eru rekin til að þjóna íslensku samfélagi. Þau eru opin almenningi og safna, varðveita, rannsaka og miðla því sem er til vitnis um manninn, sögu hans og menningu, náttúru og umhverfi í nafni

samfélagsins og til framgangs þess. Þau skulu hafa að leiðarljósi að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun. Þau skulu skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti.

Söfn skulu taka þátt í faglegu samstarfi svæðisbundið, á landsvísu og á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið.

15. gr.

#### *Lán safngripa.*

Söfnum er heimilt að lána tímabundið gripi eða verk til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Höfundur á alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Tryggilega skal gengið frá varðveislu safngripa sem eru lánaðir og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður viðkomandi safns ákveður.

16. gr.

#### *Ráðstöfun safngripa.*

Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktu og í samráði við viðkomandi höfuðsafn.

17. gr.

#### *Förgun safngripa.*

Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir.

Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.

18. gr.

#### *Notkun mynda af safngripum.*

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum safna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns, enda sé gætt réttar réttihafa samkvæmt höfundalögum.

19. gr.

#### *Gjaldtökuheimild.*

Öllum söfnum sem lög þessi taka til skv. 2. gr. er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er þeim heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildapjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa straum af kostnaði. Söfnin setja gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Ákvörðun um aðgangseyri og aðra gjaldtöku annarra safna er í höndum eigenda þeirra.

20. gr.

#### *Gjafir og fjárframlög.*

Um frádrátt af tekjuskatti vegna gjafa eða fjárframlaga til safna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt.

## **VI. KAFLI**

### **Safnasjóður.**

21. gr.

#### *Hlutverk og skipulag.*

Hlutverk safnasjóðs er að efla starfsemi safna sem undir lög þessi falla. Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni. Sjóðnum er heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.

Safnasjóði er heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu í styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna.

Tekjur safnasjóðs eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
- b. önnur framlög.

22. gr.

#### *Styrkveitingar.*

Styrkir úr safnasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins, sbr. i-lið 2. mgr. 7. gr.

Viðurkennd söfn önnur en söfn í eigu ríkisins geta sótt um rekstrarstyrki til sjóðsins til að efla starfsemi sína.

Öll viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna.

Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Skal hið viðurkennda safn vera aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins. Höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu geta átt aðild að slíkum verkefnum.

Safnasjóður getur veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn eru þátttakendur í.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, hafi verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.

## **VII. KAFLI**

### **Almenn ákvæði.**

23. gr.

#### *Setning reglugerða.*

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II., III., V. og VI. kafla laga þessara.

24. gr.

#### *Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2013. Frá þeim degi falla úr gildi safnalög, nr. 106/2001.

# Siðareglur ICOM

## Formáli

### Siðareglur ICOM:

#### Staða

Þessar siðareglur fyrir söfn eru teknar saman of ICOM og til þeirra er vísað í samþykktum ICOM. Þær endurspeglar þau grundvallaratriði sem safnafólk um allan heim viðurkennir og vinnur eftir. Þeir sem eru félagar ICOM og greiða árgjald til samtakanna gangast með því undir siðareglur þessar.

#### Lágmarksstaðall fyrir söfn

Í þessum reglum er settur fram lágmarksstaðall fyrir söfn. Þar er greint frá röð grundvallartriða sem studd eru leiðbeiningum um það hvernig safnafólk skuli starfa. Í sumum löndum eru ákveðnar lágmarkskröfur skilgreindar í lögum eða reglugerðum. Annars staðar kann að vera um að ræða lágmarkskröfur sem uppfylla þarf til að fá vottun, skráningu eða annað sambærilegt opinbert mat. Í þeim löndum þar sem hið opinbera gerir engar slíkar köfur má nálgast aðstoð og leiðbeiningar frá miðstjórn ICOM, frá ICOM-deildinni í viðkomandi landi eða frá þeirri alþjóðanefnd ICOM sem málið kann að varða. Þess er vænst að löndin hvert fyrir sig og samtök á sérviðum sem varða safnarekstur noti þessar reglur og byggi á þeim við gerð frekari staðla.

#### Þýðingar á siðareglum ICOM

Siðareglur ICOM eru gefnar út á þremur tungumálum, ensku, frönsku og spænsku. ICOM fagnar því verði reglurnar þýddar á fleiri tungumál. Þó mun ekki verða litið á slíkar þýðingar sem „staðfestar“ nema þær njóti samþykkis ICOM-deildar í a.m.k. einu landi þar sem viðkomandi tungumál er talað, helst að það sé þar haft að móðurmáli. Þar sem sama tungumál er talað í nokkrum löndum er æskilegast að samráð sé haft við ICOM-deildir þeirra allra. Bent er á að ekki þarf aðeins fagþekkingu til að þýða reglurnar heldur einnig góða færni í meðferð tungumálsins. Taka skal fram úr hvaða máli er þýtt og nefna þær ICOM-deildir sem að þýðingunni komu. Þessi skilyrði banna þó ekki að reglurnar séu þýddar, að hluta eða í heild, til notkunar við kennslu eða rannsóknir.

#### Orðskýringar / skilgreiningar

##### Skoðun og mat

Staðfesting á uppruna hlutar og mat á verðmæti hans. Í sumum löndum er hér átt við óháð mat á hlut sem gefa á til safns og notar gefandinn þá matið til að sækja um skattaundanþágur.

##### Hagsmunaárekstur

Það að einhver hafi einkahagsmuna að gæta sem geti stangast á við reglur sem ber að gæta í starfi og þannig skert, eða virst skerða, hlutleysi við ákvarðanatöku.

##### Viðskipti

Að kaupa eða selja muni til ágóða fyrir einstakling eða stofnun.

##### Áreiðanleikaskoðun

Sú krafa að reynt sé til hlítar að komast að hinu sanna í hverju máli áður en ákvörðun er tekin, sér í lagi hvað varðar uppruna og eigendasögu hlutar sem boðinn er til kaups eða afnota.

##### Forvörður

Safn eða sjálfstæður aðili sem hæfur er til að rannsaka, forverja eða gera við safngripi eða sambærileg menningarverðmæti. Sjá nánar: ICOM News 39 (1), bls. 5-6 (1986).

## Menningararfleifð

Hver sá hlutur eða hugtak sem þykir hafa fagurfræðilegt, sögulegt, vísindalegt, andlegt eða trúarlegt gildi.

## Yfirstjórn

Einstaklingar eða stofnanir sem samkvæmt samþykktum eða lögum bera ábyrgð á viðgangi, stefnumótun og fjármögnun tiltekins safns.

## Fjáröflun

Allt sem miðar að því að skapa tekjur eða hagnað fyrir stofnunina.

## Eignarhald

Lagalegur eignarréttur í hverju landi. Í sumum löndum er eignarréttur áskilinn og nægir ekki til að byggja á viðunandi eigendasögu.

## Lágmarkskrafa

Þær kröfur sem eðlilegt er að öll söfn og allt safnafólk leitist við að uppfylla. Sum lönd hafa sett fram sínar eigin ályktanir um lágmarkskröfur.

## Náttúruarfleifð

Hver sá náttúrulegur hlutur, fryrbæri eða hugtak, sem telst hafa vísindalegt gildi eða fela í sér andlegan vitnisburð.

## Safn

Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna – til skoðunar, menntunarauka eða ánægju – það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.

## Safnafólk

Til safnafólks teljast starfsmenn safna og stofnana sem skilgreindar eru í kafla 2, fyrstu málsgrein 1 og 2, af samþykktum ICOM, hvort heldur þeir njóta launa eða ekki, svo fremi þeir hafi hlotið sérstaka þjálfun eða hafi samsvarandi reynslu á einhverju því sviði sem varðar stjórnun og rekstur safns eða stofnunar af því tagi sem getið er í samþykktum ICOM og vitnað er til hér. Til safnafólks teljast líka þeir aðrir sem virða siðareglur ICOM og starfa fyrir söfn eða stofnanir sem svo eru skilgreindar en þó ekki þeir sem kynna eða selja rekstrarvörur eða tæki sem nota þarf í söfnum og við safnaþjónustu.

## Stofnanir sem ekki eru reknar í hagsmunaskyni

Sagt er að lögaðili, hvernig sem eignarhaldi hans sé háttað, sé ekki rekinn í hagsmunaskyni ef allar tekjur hans (að meðtöldum öllum tekjuafgangi eða hagnaði) renna óskiptar í reksturinn.

## Upprunasaga

Samfelld eigendasaga hlutar frá því hann fannst eða var búinn til fram til dagsins í dag. Við hana er stuðst til að ákvarða uppruna hlutarins og eignarhald.

## Lögmætt eignarhald

Óumdeilanlegur eignarréttur sem styðst við tæmandi upprunasögu frá því hlutur fannst eða var búinn til.

Það skal athugað að skilgreiningar á „söfnum“ og „safnafólki“ eru hér settar fram til bráðabirgða og til nota hér í siðareglum ICOM. Skilgreiningarnar sem gefnar eru í samþykktum ICOM eru enn gildar þar sem endurskoðun samþykktanna hefur ekki verið lokið.

## Efnisgreinar

### 1. Söfn varðveita, túlka og kynna náttúrulegan og menningarlegan arf mannkyns

**Grunnhugsun:** Söfn eru ábyrg fyrir áþreifanlegum og óáþreifanlegum arfi okkar, hvort sem um er að ræða náttúruarfleifð eða menningararfleifð. Stjórnunaraðilum og þeim sem hafa með að gera stefnumótun og eftirlit með söfnum ber öðru fremur skylda til að varðveita og kynna þessa arfleifð, sem og þá vinnu, aðstöðu og fjármuni sem lagðir hafa verið fram til starfsins.

## Staða stofnunar

### 1.1 Skjalfest staða

Yfirstjórn safns skal tryggja að til sé skrifuð og opinber stofnsamþykkt, lagastoð eða önnur opinber skjöl svo sem lög á hverjum stað kveða á um og að þar sé skilgreind lögformleg staða safnsins, hlutverk þess og staðfest að safnið sé ekki starfrækt í hagnaðarskyni.

## **1.2 Yfirlýsing um hlutverk, markmið og stefnu**

Yfirstjórn safnsins skal semja og gera opinbera yfirlýsingu um hlutverk, markmið og stefnu safnsins og fylgja henni í starfi sínu. Yfirlýsingin skal jafnframt taka til hlutverks og skipunar yfirstjórnar.

## **Aðstaða**

### **1.3 Starfsaðstaða**

Yfirstjórn skal tryggja viðunandi starfsaðstöðu til að safnið geti uppfyllt þær starfsskyldur sem settar eru fram í yfirlýsingu um hlutverk þess.

### **1.4 Aðgengi**

Yfirstjórn skal tryggja að safnið og safnaeignin séu aðgengileg almenningi reglulega og á eðlilegum tíma. Sérstakar ráðstafanir ber að gera fyrir þá sem hafa sérstakar þarfir hvað varðar aðgengi.

### **1.5 Heilbrigði og öryggi**

Yfirstjórn skal tryggja að fyllilega sé gætt að heilsu starfsmanna og gesta, öryggi þeirra og aðgengi.

### **1.6 Varnir gegn hamförum**

Yfirstjórn skal móta og framfylgja stefnu sem miðar að því að verja almenning jafnt sem starfsfólk, safneign og aðra aðstöðu safnsins ef hamfarir dynja yfir, hvort sem er af völdum náttúrunnar eða manna.

### **1.7 Öryggiskröfur**

Yfirstjórn skal tryggja að gerðar séu viðeigandi öryggisráðstafanir til að verja safneignina þjófnaði og skaða meðan hún er til sýnis, á vinnusvæði eða í geymslu, eða þegar verið er að flytja hluti á milli staða.

### **1.8 Tryggingar**

Þar sem tryggingar eru keyptar sérstaklega fyrir söfn skal yfirstjórn þeirra gæta þess að tryggingar séu fullnægjandi og nái yfir flutning hluta, láns hluti og aðra hluti sem á hverjum tíma kunna að vera á ábyrgð safnsins. Á þeim stöðum þar sem opinberar stofnanir eru að lögum undarþegnar tryggingarskyldu skal ávallt gæta þess sérstaklega að hlutir sem ekki eru eign safnsins sjálfs séu fulltryggðir.

## **Fjármögnun**

### **1.9 Fjármagn**

Yfirstjórn skal tryggja að nægir fjármunir séu fyrir hendi til að standa undir starfsemi og framþróun safnsins. Halda skal reiður á öllum fjármunum með faglegum hætti.

### **1.10 Stefnumið í fjármögnun**

Yfirstjórn skal hafa skjalfesta stefnu um það hvaðan fjár er aflað eða frá hvaða utanaðkomandi aðilum fjármagn skal þegið. Hvaðan sem fjármagns er aflað skal safnið sjálft ráða bæði inntaki og framkvæmd starfsins sem þar fer fram, sýningum og öðrum viðburðum. Við fjáröflun skal þess gætt að slá hvergi af kröfum stofnunarinnar eða almennings (sjá 6.6).

## **Starfsmannahald**

### **1.11 Starfsmannastefna**

Yfirstjórn skal tryggja að allar ákvaðarnir um starfsmenn og starfsmannahald séu teknar í samræmi við stefnu safnsins og með viðteknum löglegum hætti.

### **1.12 Ráðning forstöðumanns eða aðalstjórnanda**

Forstöðumaður eða aðalstjórnandi er lykilmaður og við ráðningu í slíka stöðu skal yfirstjórn huga að þeirri þekkingu og hæfileikum sem hafa þarf til að sinna starfinu. Þar á meðal skal telja viðunandi getu og faglega þekkingu sem fari saman við heiðarleika og vandaða framkomu.

### **1.13 Aðgangur að stjórnvöldum**

Forstöðumaður eða aðalstjórnandi skal vera ábyrgur gagnvart því stjórnvaldi sem í hlut á og jafnframt hafa fullan aðgang að þeim sem þar fara með völd.

### **1.14 Hæfni starfsfólks**

Nauðsynlegt er að ráða starfsfólk sem hefur sérþekkingu til að valda allri ábyrgð sem á það er lögð. (Sjá einnig 2.18, 2.24, 8.12.)

### **1.15 Þjálfun starfsfólks**

Sjá skal fyrir nægum tækifærum til endurmenntunar og fagþjálfunar starfsfólksins svo tryggja megi skilvirka vinnu.

### **1.16 Árekstrar um siðareglur**

Yfirstjórn skal aldrei fara fram á að starfsfólk geri neitt það sem talið verður stríða gegn siðareglum þessum eða gegn landslögum eða gegn siðareglum sérfræðinga sem í hlut kunna að eiga.



### 1.17 Starfsfólk safna og sjálfbóðaliðar

Yfirstjórn skal hafa skjalfestar reglur um notkun sjálfbóðaliða í starfinu og skal hvetja til jákvæðra samskipta milli sjálfbóðaliða og safnafólks.

### 1.18 Sjálfbóðaliðar og siðareglurnar

Yfirstjórn skal tryggja að sjálfbóðaliðar, bæði í starfi sínu fyrir safnið og í allri framkomu, þekki vel til siðareglna ICOM og annarra reglna og laga sem við kunna að eiga.

## 2. Söfn sem varðveita safneign geyma hana í nafni samfélagsins alls og til framgangs þess

**Grunnhugsun:** *Söfnum ber að viðhafa til sín, varðveita og kynna safneign sína í þeim tilgangi að verja náttúrulega, menningarlega og vísindalega arfleifð. Safneign er sérstakur arfur almennings, hefur sérstöðu í lögum og nýtur verndar alþjóðalaga. Þannig halda söfnin utan um eign almennings og ber að fara með þann eignarrétt hvað varðar skráningu, aðgengi, ábyrga meðhöndlun og varðveislu.*

### Aðföng safna

#### 2.1 Söfnunarstefna

Stjórnendur hvers safns skulu samþykkja og birta opinberlega skrifaða stefnu um aðföng, varðveislu og notkun safneignar. Í þessari stefnu skal skýra meðferð alls sem ekki er skráð, varið eða sýnt, sbr. 2.7, 2.8.

#### 2.2 Staðfest eignarhald

Söfn skyldu ekki kaupa eða taka við að gjöf, láni, í arf eða í skiptum, hluti sem ekki hefur verið gengið úr skugga um rétt eignarhald á. Staðfesting á lögmætu eignarhaldi að lögum einhvers tiltekins lands er ekki endilega fullnægjandi staðfesting á eignarhaldi.

#### 2.3 Uppruni og áreiðanleikaskoðun

Áður en nokkur hlutur er keyptur til safnsins, fenginn að láni, í arf eða í skiptum, skal leita allra leiða til að tryggja að hann hafi ekki verið ólöglega fenginn í upprunalandinu eða fluttur þaðan eða frá öðru landi þar sem hann kann að hafa verið í eign lögmæts aðila, að heimalandi safnsins meðtöldu. Í samviskusamlegri úttekt skal felast fullkomin saga hlutarins frá því hann fannst eða var búinn til.

#### 2.4 Hlutir og sýni sem til komin eru vegna óheimilaðra eða óvísindalegra rannsókna

Söfn skulu ekki kaupa eða þiggja hluti ef rökstuddur grunur er á að þeirra hafi verið aflað við rannsóknir sem ekki voru fullnægjandi heimildir fyrir eða þar sem óvísindalegum vinnubrögðum var beitt eða skaða valdið viljandi á minjum eða náttúrunni, jarðmyndunum, dýrategundum eða náttúrulegu umhverfi dýra. Á sama hátt skal ekki kaupa eða þiggja gripi ef ekki hefur verið tilkynnt um fund þeirra til landeigenda, ábúenda eða hlutaðeigandi yfirvalda.

#### 2.5 Helgigripir og líkamsleifar

Söfn skyldu aðeins hýsa líkamsleifar manna eða helgigripi ef hægt er að varðveita slíkt á viðunandi hátt og sýna tilhlýðilega virðingu. Það verður að gera í samræmi við faglega staðla og með hagsmuni og átrúnað þeirra í huga sem byggja upprunalandið, samfélagsins alls, þjóðarbrotu eða trúflokka. Sjá einnig 3.7 og 4.3.

#### 2.6 Líffræðileg og jarðfræðileg sýni sem njóta verndar

Söfn ættu ekki að kaupa eða taka við sýnum sem hafa verið tekin, keypt eða hafa á annan hátt skipt um eigendur í trássi við lög á hverjum stað, í hverju landi eða heimshluta, eða alþjóðalög og þá sáttmála sem gilda um verndun villtra dýra eða náttúrunnar.

#### 2.7 Lifandi safneign

Þar sem safn heldur lifandi jurtir eða dýr skal taka sérstakt tillit til þeirra náttúru- og félagslegu aðstæðna sem þau eru sprottin úr, sem og laga á hverjum stað, í hverju landi eða heimshluta, eða alþjóðalaga og þeirra sáttmála sem gilda um verndun villtra dýra eða náttúrunnar.

#### 2.8 Safneign og meðhöndlun gripa

Í söfnunarstefnu kann að vera gert sérstaklega ráð fyrir nýtilegum safngripum þar sem áhersla er á að varðveita menningarleg, vísindaleg eða tæknileg ferli frekar en hlutina sjálfa eða þar sem gripum er safnað saman til þess að þeir séu meðhöndlaðir eða notaðir til kennslu (sjá einnig 2.1).

#### 2.9 Aðföng sem ekki falla undir skilgreinda söfnunarstefnu

Einungis skal í undantekningartilfellum kaupa eða þiggja hluti eða sýni sem ekki falla undir skilgreinda söfnunarstefnu safnsins. Yfirstjórn skal þá taka tillit til þeirra faglegu ráðlegginga sem kostur er á og til skoðana allra sem hlut eiga að máli. Þar skal meðal annars skoða mikilvægi gripanna í samhengi við menningarlega og náttúrulega arfleifð og gæta að sérhagsmunum annarra safna

sem safna gripum af því tagi sem um ræðir. Hér skal þó gæta þess sem endranær að taka ekki við gripum sem ekki fæst staðfest eignarhald á. (Sjá jafnframt 3.4.)

#### **2.10 Aðföng frá fólki sem situr í yfirstjórn safns eða frá starfsfólki safns**

Sérstök aðgát skal höfð þegar um er að ræða aðföng frá fólki sem situr í yfirstjórn safns, frá starfsfólki safns eða frá fjölskyldum þessa fólks eða frá öðrum þeim nátengdum – hvort sem um er að ræða innkaup eða gjöf.

#### **2.11 Geymsla þegar annað þrýtur**

Þrátt fyrir það sem sagt er hér í siðareglunum getur safn sinnt því hlutverki sérstaklega í umboði stjórnvalda að geyma gripi eða sýni sem ekki er fullnægjandi eigendasaga fyrir eða sem safnað var á ólögmatan hátt á því svæði sem safnið hefur lögboðna ábyrgð á.

### **Fært úr safneign**

#### **2.12 Vald í lögum til að ráðstafa gripum**

Hafi safn lögum samkvæmt heimild til að ráðstafa gripum úr safneign – eða hafi veitt viðtöku gripum sem sérstök ákvæði hvíla á um slíkt – þá ber að fylgja í öllu fyrirmælum þar um. Ef ákvæði um ráðstöfun hafa hvílt á grip þegar hann var fenginn til safnsins skal fylgja þeim nema sýnt verði fram á að það sé ekki hægt eða að það skaði stofnunina á einhvern hátt og má þá leita lögfræðilegra leiða ef við á til að komast undan ákvæðinu.

#### **2.13 Að færa grip úr safneign**

Grip eða sýni skal þá aðeins færa úr safneign að fyrir liggi fullur skilningur á mikilvægi hans, því hvort endurnýja megi hlutinn eða ekki, lagalegri stöðu og hvort slík ráðstöfun geti rýrt traust almennings.

#### **2.14 Ábyrgð á því að færa grip úr safneign**

Ákvörðun um að færa hlut úr safneign skal vera á ábyrgð yfirstjórnar í samráði við forstöðumann safnsins og umsjónarmanns þeirra safngripa sem um ræðir. Sérstakt fyrirkomulag er þó um söfn gripa sem meðhöndlaðir eru eða hafðir í notkun (sjá 2.7, 2.8).

#### **2.15 Ráðstöfun gripa sem færðir eru úr safneign**

Hvert safn skal hafa fastmótaða stefnu um það með hvaða hætti má fjarlægja hluti varanlega úr safninu sem gjöf, tilfærslu, í skiptum, sölu, í skilum til upprunalegs eiganda eða til að láta eyða þeim, þ.e. með hverjum þeim hætti sem felur í sér löglegt afsal eignarhalds í hendur þeim sem við gripnum tekur. Öll gögn um slíkar ráðstafanir skal geyma, gögn um hlutinn sjálfan og um það hvað um hann varð. Almennt er þess vænst að hlutur sem ráðstafa á úr safneign sé fyrst boðinn öðru safni.

#### **2.16 Tekjur af gripum sem færðir eru úr safneign**

Gripir í söfnum eru varðveittir þar í nafni almennings og ekki má líta á þá sem frjálsa og umbreytanlega eign. Peningum eða öðrum greiðslum sem koma fyrir gripi eða sýni sem færð eru úr safneign skal verja óskiptum safninu sjálfu til góða og séu yfirleitt notaðir til innkaupa í safnið.

#### **2.17 Kaup á hlutum sem færðir eru úr safneign**

Starfsfólk safnsins og yfirstjórn, fjölskyldur þeirra og fólk þeim nátengt skyldi ekki fá að kaupa muni sem færðir hafa verið úr safneign þeirrar stofnunar sem þeim ber ábyrgð til.

### **Umsjón safngripa**

#### **2.18 Viðgangur safna**

Safnið skal með stefnu sinni og starfi leitast við að tryggja að safneign þess (varanleg eða forgengileg) og allar upplýsingar þar að lútandi, skráðar eins og við á, séu aðgengilegar til notkunar og verði skilað áfram til komandi kynslóða í eins góðu og öruggu ástandi og kostur er miðað við þá þekkingu og aðstöðu sem nú er völ á.

#### **2.19 Verkaskipting í umsjón safns**

Faglega ábyrgð á umsjón safna skal fela fólki sem hefur til þess nauðsynlega þekkingu og færni eða er leiðbeint á viðunandi hátt. (Sjá einnig 8.11.)

#### **2.20 Skráning safna**

Safneign skal skrá með þeim hætti sem fagmenn telja best henta. Í slíkri skráningu skal tilgreina og lýsa hverjum grip í safninu, skrá tengdar upplýsingar, uppruna, ástand, meðferð og geymslustað. Slíkar upplýsingar skal geyma á öruggum stað og búa þannig um tækjabúnað að upplýsingarnar séu aðgengilegar starfsmönnum safnsins og öðrum notendum.

#### **2.21 Varnir gegn hamförum**

Þess skal gæta vandlega að gera áætlanir um verndum safneignarinnar þegar til vopnaðra átaka kemur eða meðan aðrar hamfarir ganga yfir, hvort sem er af manna völdum eða náttúrunnar.

#### **2.22 Verndun safneignar og upplýsinga þar að lútandi**

Safnið skal forðast að láta frá sér viðkvæmar persónuupplýsingar og skyldar upplýsingar eða aðrar trúnaðarupplýsingar þegar gögn um safneignina eru gerð almenningi aðgengileg.

### 2.23 Fyrirbyggjandi forvarsla

Fyrirbyggjandi forvarsla er mikilvægur liður í rekstri safna og umsjón safneignar. Það er ein helsta skylda alls safnafólks að búa vel að safngripum í sinni vörslu og verja þá, hvort sem er við geymslu, á sýningum eða í flutningum.

### 2.24 Forvarsla og viðgerðir á safneign

Safnið skal fylgjast vandlega með ástandi safngripa til að ákvarða hvenær gripur eða sýni gæti þarfnast forvörslu eða viðgerðar hjá menntuðum forverði. Meginmarkmiðið skal vera að koma í veg fyrir frekari hrörnun hlutarins eða sýnisins. Allt sem gert er í forvarnarskygni skal skráð og eftir því sem tók eru á skal tryggja að hægt sé að færa hlutinn aftur í samt horf. Allar breytingar sem gerðar eru skulu vera vel aðgreinanlegar frá upprunalega hlutnum.

### 2.25 Velferð lifandi dýra

Safn sem heldur lifandi dýr tekur fulla ábyrgð á heilbrigði þeirra og líðan. Í slíku safni skal setja öryggisreglur til verndar starfsfólki og gestum, sem og dýrunum. Þessar reglur skulu samþykktar af sérfræðingi í dýralækningum. Erfðabreytt dýr skal merkja sérstaklega.

### 2.26 Einkanotkun safneignar

Hvorki starfsmönnum safns né yfirstjórn, fjölskyldum þeirra eða nátengdum, né öðrum skal heimilt að taka hluti úr safneign til einkanota, jafnvel þótt aðeins sé um stundarsakir.

## 3. Söfn geyma frumgögnin sem þarf til að grundvalla þekkingu og bæta hana

**Grunnhugsun:** Söfn bera sérstakar skyldur gagnvart öllum til að varðveita, tryggja aðgang að og túlka þau frumgögn og -heimildir sem safnað hefur verið til og geymd eru í safneign þeirra.

### Frumgögn og –heimildir

#### 3.1 Safneignir sem frumgögn

Í stefnumörkun safna skal greinilega geta mikilvægis safnkosts sem frumgagna. Þar skal jafnframt staðfest að þetta stjórnast á engan hátt af tískustraumum í kenningum menntamanna eða í starfsemi safna almennt.

#### 3.2 Aðgengi að safneign

Söfn bera sérstaka ábyrgð á að gera safneign sína og upplýsingar þar að lútandi eins aðgengilegar og hægt er, að teknu tilliti til trúnaðarskuldbindinga og öryggismála.

### Söfnun og rannsóknir á vegum safna

#### 3.3 Söfnun á vettvangi

Söfn sem standa að söfnun á vettvangi skulu móta stefnu til samræmis við akademískar kröfur og við landslög, alþjóðalög og alþjóðasáttmála eftir því sem við á. Við vettvangsrannsóknir skal ávallt fara með nærgætni og af virðingu gagnvart viðhorfum heimamanna, auðlindum þeirra og menningu, sem og gagnvart viðleitni til að bæta menningarlega og náttúrulega arfleifð.

#### 3.4 Undantekingar við söfnun frumgagna og -heimilda

Í algjörum undantekningartilfellum kann hlutur sem ekki fæst staðfestur uppruni á að geta bætt svo miklu við þekkingu okkar að það teljist almannahagsmunir að varðveita hann. Þegar taka skal við slíkum gripum og bæta í safneign ber að kalla til ákvörðunar sérfræðinga í viðkomandi fagi og skal hvergi hallað máli hvorki innanlands né á alþjóðavettvangi. (Sjá einnig 2.11)

#### 3.5 Rannsóknir

Rannsóknir starfsmanna skulu tengjast hlutverki og stefnu safnsins og samræmast lögum og viðteknum siðareglum og akademísku vinnulagi.

#### 3.6 Skaðleg greining

Þegar beita þarf greiningaraðferðum sem skaða rannsóknarefnið skal halda fullkomnar skrár um efnið sem greint er, niðurstöður greininganna og þær rannsóknir sem verða í framhaldi, að útgefnu efni meðtöldu, og skal allt þetta fylgja skráningargögnum hlutarins upp frá því.

### 3.7 Líkamsleifar og helgigripir

Rannsóknir á líkamsleifum fólks og helgigripum verða að standast faglegar kröfur og taka tillit til hagsmuna og átrúnaðar samfélagsins, þjóðarbrotar eða trúflokka sem hlutirnir eru upprunnir úr, ef um slíkt er vitað. (Sjá einnig 2.5 og 4.3)

### 3.8 Rannsóknir og réttahafar efnis

Þegar starfsmenn safns búa efni til kynningar, sýningar eða til að skrá rannsóknir á vettvangi skulu liggja fyrir samningar við viðkomandi safn um allan rétt á efninu.

### 3.9 Miðlun sérþekkingar

Öllum í hópi safnafólks ber skylda til að miðla þekkingu sinni og reynslu til kollega, fræðimanna og nemenda á viðkomandi sviði. Þeim ber að virða og geta þeirra sem þeir sjálfir hafa lært af og skulu kenna öðrum allt sem getur gagnast þeim af nýjungum og framförum í tækni.

### 3.10 Samstarf milli safna og annarra stofnana

Starfsfólk safna skal viðurkenna og halda á lofti nauðsyn þess að eiga samstarf og samráð milli stofnana sem hafa sameiginleg svið og söfnunarstefnu. Þetta á sér í lagi við um æðri menntastofnanir og ýmsar opinberar stofnanir þar sem rannsóknum fylgir oft umfangsmikil söfnun efnis sem ekki er tryggð umsjón með til frambúðar.

## 4. Söfn skapa tækifæri til að njóta náttúruarfleifðar og menningararfleifðar, skilja hana og kynna

**Grunnhugsun:** *Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarþáttinn í starfi sínu og laða til sín safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar. Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess er grundvallaratriði í menntunarhlutverki hvers safns.*

### Fastasýningar og sérsýningar

#### 4.1 Fastasýningar, sérsýningar og sérstakir viðburðir

Fastasýningar og sérsýningar – hvort sem er raunverulegar eða rafrænar, skulu vera í samræmi við yfirlýst markmið, stefnu og tilgang safnsins. Þær skulu aldrei verða til þess að gæði safneignarinnar séru rýrð eða umsjón og varðveisla hennar.

#### 4.2 Túlkun sýningargripa

Söfnum ber að tryggja að upplýsingar sem settar eru fram með sýningum séu á rökum reistar, réttar og nákvæmar, og taki viðeigandi tillit til allra hópa og alls átrúnaðar sem hlut geta átt að máli.

#### 4.3 Nærgætni við sýningu gripa

Líkamsleifar fólks og helgigripa verður að sýna þannig að samrýmist faglegum kröfum og að þegar um slíkt er vitað sé tekið fullt tillit til hagsmuna og átrúnaðar þess samfélags, þjóðarbrotis eða trúfélags sem gripirnir eru sprotnir úr. Gæta verður sérstakrar háttvísi þegar slíkir gripir eru sýndir og virðingar fyrir mannlegri reisn fólks af öllum þjóðum.

#### 4.4 Gripir fjarlægðir af sýningu

Þegar beiðni um að fjarlægja líkamsleifar eða helgigripa af sýningu berst frá því samfélagi sem gripirnir eru upprunnir í skal fjalla um hana án tafa og af virðingu og nærgætni. Beiðni um að slíkum gripum verði skilað skal fjalla um á sama hátt. Í stefnu safnsins skal greina skýrt á um hvernig svara skuli beiðnum af þessu tagi.

#### 4.5 Sýningar á gripum sem ekki er upprunavottun fyrir

Söfn skulu forðast að sýna eða nýta á annan hátt sýningarefni ef vafi leikur á um uppruna þess eða eigendasögu skortir. Hafa skal í huga að slíkar sýningar eða aðra notkun má túlka svo að í felist samþykki á eða þátttaka í ólöglegri verslun með menningarverðmæti.

### Önnur gögn

#### 4.6 Útgáfa

Upplýsingar sem gefnar eru út af söfnum, með hvaða hætti sem vera kann, skulu vera á rökum reistar, ýtarlegar og réttar, og taka tillit til fræðigreina, samfélaga og trúaratriða sem efninu tengjast. Við útgáfu á vegum safnsins skal hvergi draga úr þeim kröfum sem stofnunin byggir á.

#### 4.7 Endurgerðir

Virða skal heildarsamsetningu og -svip frummyndarinnar við gerð eftirmynda, eftirprentana eða afrita af hlutum úr safneign. Allar slíkar eftirmyndir skal merkja óafmáanlega sem afrit.

## 5. Í söfnum felst tækifæri til annarrar almenningþjónustu

**Grunnhugsun:** Söfn nýta sérfræðinga af ýmsum sviðum og ýmis ráð, efni og tæki sem nota má miklu víðar en í söfnum. Þetta getur leitt til þess að samnýting á þjónustu eða sala á þjónustu verði viðbót við aðra starfsemi safna. Slíka starfsemi skal skipuleggja þannig að hún stangist aldrei á við yfirlýst markmið safnsins.

### Greining

#### 5.1 Greining illa fenginna gripa

Þar sem söfn bjóða þjónustu við greiningu gripa skulu þau í engu koma fram á þann veg að virst gæti að söfnin nytu góðs af, beint eða óbeint. Ekki skal segja opinberlega frá greiningu og sannprófun gripa sem grunur leikur á um að hafi verið illa fengnir eða fluttir milli landa fyrr en viðeigandi yfirvöldum hefur verið gert viðvart.

#### 5.2 Skoðun og mat

Verðmætamat skal aðeins gera ef tryggja á hluti í safneign. Mat á verðmæti annarra gripa skal aðeins gefa ef eftir því er leitað formlega frá öðru safni eða frá öðrum lögbærum aðilum, ríkisvaldi eða opinberu yfirvaldi. Ef safnið sjálft kann að njóta góðs af niðurstöðu mats skal leita til sjálfstæðra matsaðila.

## 6. Söfn eiga náð samstarf við samfélagið sem safneign þeirra er sprottin úr og við samfélagið sem þau sjálf starfa í

**Grunnhugsun:** Í söfnum endurspeglast menningar- og náttúruarfleifð þeirra samfélaga sem þau eru sprottin úr. Þannig eru þau öðru vísi en önnur almenn verðmæti og kunna að tengjast náð þjóðernishugmyndum, héraðsmynd, menningu þjóðarbrotta eða sjálfsmyndum byggðum á trúarbrögðum eða stjórnmálahugmyndum. Því er mikilvægt að stefna safna taki mið af slíku.

### Uppruni safneignar

#### 6.1 Samstarf

Söfn skulu stuðla að miðlun þekkingar, gagna og safneignar til safna og menningarsamtaka í upprunalöndum og -samfélögum. Kanna ætti hvort hægt er að koma á samstarfi við söfn í löndum eða á svæðum þar sem mikill hluti menningararfleifðarinnar hefur farið forgörðum.

#### 6.2 Menningarverðmætum skilað

Söfn ættu að vera reiðubúin til að eiga frumkvæði að viðræðum um skil á menningarverðmætum til þess lands eða samfélags sem þau eru sprottin úr. Þetta skal gera á óhlutdrægan hátt og byggja á vísindalegum og faglegum grunni jafnt sem mannúðarsjónarmiðum – frekar en að málið sé tekið fyrir hjá ríkisvaldinu sjálfu eða afgreitt á pólitískum grundvelli. Taka skal fullt tillit til reglugerða, landslaga og alþjóðalaga.

#### 6.3 Endurheimt menningarverðmæta

Þegar upprunaland eða -þjóð óskar þess að skilað sé grip eða sýni sem sannanlega hefur verið flutt úr landi eða á annan hátt skipt um eigendur í trássi við reglur og samþykktir í landinu eða milli þjóða – og sé þá jafnframt sýnt fram á að gripirnir séu hluti af náttúru- eða menningararfleifð viðkomandi lands eða þjóðar – skal safnið sem í hlut á strax gera ábyrgar ráðstafanir til að eiga samvinnu um skil á gripunum, séu ekki á því neindir lagalegir annmarkar.

#### 6.4 Menningarmunir frá herteknum löndum

Söfn skulu forðast að kaupa eða þiggja menningarmuni frá herteknum svæðum og virða í öllu lög og samþykktir sem gilda um innflutning, útflutning og eignartilfærslu menningarlegra og náttúrulegra muna.

### Virðing fyrir því samfélagi sem safnið þjónar

#### 6.5 Lífandi samfélag

Þar sem starfsemi safns tekur til lífandi samfélags eða arfleifðar þess skulu aðföng háð upplýstu og gagnkvæmu samþykki og án þess að hallað sé á nokkurn hátt á eigandann eða þann sem upplýsingar veitir. Framar öllu skal virða óskir þess samfélags sem í hlut á.

#### 6.6 Fjármögnun aðstöðu fyrir samfélagsstarf

Þegar leitað er eftir fjármagni fyrir starfsemi sem tengist lífandi samfélögum skal gæta þess að skaða hvergi hagsmuni þeirra sjálfra. (Sjá 1.10)

## 6.7 Notkun á efni frá lifandi samfélögum

Við notkun safna á safnefni frá lifandi samfélögum skal gæta að virðingu fólks og að hefðum og menningu þeirra. Nota skal slíkt safnefni til að stuðla að velferð fólks, þróun samfélagsins, umburðalyndi og virðingu með því að styðja fjölmennningarlega tjáningu og fjöltyngda menningu. (Sjá 4.3)

## 6.8 Stuðningur við samtök utan safnsins

Söfn skulu skapa aðstöðu sem hvetur til stuðnings frá samfélaginu (til dæmis með vinafélögum safna eða annars konar stuðningsfélögum), viðurkenna framlag þeirra og stuðla að hnökralausu samstarfi milli fólks úr samfélaginu og starfsfólks safnsins.

## 7. Söfn fara að lögum

**Grunnhugsun:** *Söfn verða að fylgja í einu og öllu þeim lögum sem við eiga – alþjóðalögum, landslögum, reglugerðum sveitarfélaga og milliríkjasamþykktum. Þá skal safnstjórn virða allar þær lagakvaðir sem kunna á hvíla á safninu, safneign þess eða starfseminni.*

### Lagarammi

#### 7.1 Landslög og reglugerðir

Söfn skulu fara að öllum landslögum og reglugerðum sem sveitarfélög hafa sett og varða starfsemi safnsins.

#### 7.2 Alþjóðasamningar

Í stefnu hvers safns skal taka mið af eftirfarandi alþjóðasamningum sem eru sá staðall er beita skal við túlkun á siðareglum ICOM:

- UNESCO Convention for the Protection of Cultural Property in the Event of Armed Conflict (The Hague Convention, First Protocol, 1954 and Second Protocol, 1999);
- Samningur um leiðir til að banna og hindra ólögmatan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum. UNESCO Convention on the Means of Prohibiting and Preventing the Illicit Import, Export and Transfer of Ownership of Cultural Property (1970);
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni. Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora (1973);
- UN Convention on Biological Diversity (1992); Unidroit Convention on Stolen and Illegally Exported Cultural Objects (1995);
- UNESCO Convention on the protection of the Underwater Cultural Heritage (2001);
- Samningur um varðveislu menningararfða. UNESCO Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage (2003).

## 8. Söfn starfa á faglegan hátt

**Grunnhugsun:** *Fagfólk í söfnum skal virða viðteknar kröfur og lög og halda á lofti virðingu og heiðri starfsins. Því ber að verja almenning gegn ólöglegri framkomu og því sem ekki samræmist faglegri siðfræði. Hvert tækifæri skal nýtt til að upplýsa og mennta almenning um markmið, tilgang og metnað starfsstéttarinnar til að stuðla að auknum skilningi almennings á framlagi safna til samfélagsins.*

### Fagleg framganga

#### 8.1 Þekking á lögum sem við eiga

Hver einasti fagmaður sem starfar í safni skal kunna skil á þeim lögum sem varða starf hans, hvort sem er alþjóðalögum, landslögum eða reglugerðum sveitarfélaga. Þeim ber öllum að forðast nokkuð það sem túlka mætti sem ólöglega hegðun.

#### 8.2 Fagleg ábyrgð

Fagfólki í söfnum ber að fara eftir stefnu og reglum þess safns sem það starfar við. Þó skal heimilt að gera athugasemdir við það sem maður telur skaða safnið eða starfsstéttina, svo og þar sem um er að ræða atriði er varða siðræna þætti starfsins.

#### 8.3 Fagleg framganga

Tryggð við starfsfélaga og við safnið sem hver starfar við eru lykilatriði í faglegri ábyrgð og skal byggja á þeim siðrænu grundvallarreglum sem eiga við um starfið allt. Hér skal fylgja því sem segir í siðareglum ICOM og taka tillit til annarra reglna eða stefnumiða sem lúta að safnastarfi.

#### **8.4 Akademísk ábyrgð**

Fagfólki í söfnum ber að styðja rannsóknir, varðveislu og notkun á þeim upplýsingum sem búa í safneigninni. Þeim ber því að forðast að gera nokkuð sem valdið gæti því að slíkar upplýsingar glatist.

#### **8.5 Svarti markaðurinn**

Fagfólk í söfnum skyldi ekki á nokkurn hátt styðja ólöglega verslun með náttúruleg eða menningarleg verðmæti, beint eða óbeint.

#### **8.6 Trúnaður**

Fagfólki í söfnum ber að halda allan trúnað um upplýsingar sem lúta að störfum þess. Þá skal halda í trúnaði upplýsingar um hluti sem komið er með til safnsins til greiningar og má ekki gera slíkar upplýsingar opinberar eða miðla til annarra stofnana eða einstaklinga án sérstaks samþykkis eigandans.

#### **8.7 Öryggi safns og safneignar**

Starfsmenn skulu halda í trúnaði öllum upplýsingum um öryggisráðstafanir safnsins eða einkasafna og allra staða sem þeir kunna að skoða í starfi sínu.

#### **8.8 Undantekning á reglunni um trúnað**

Trúnaður skal þó taka tillit til lögbundinnar skyldu hvers og eins til að aðstoða lögreglu og yfirvöld við eftirgrennslan um stolna hluti, ólöglega fengna hluti og ólöglegan flutning á eignarhaldi.

#### **8.9 Sjálfstæði fagfólks**

Fagfólki er veitt nokkurt sjálfstæði en þó ber því að skilja að öll einkaviðskipti þeirra og faglegir hagsmunir verða skoðaðir í ljósi starfs þeirra fyrir safnið sem þeir eru ráðnir hjá.

#### **8.10 Faglegt samband við aðra**

Í starfi sínu mynda fagmenn í söfnum náð samband við ýmsa sem starfa á sama safni eða utan þess. Þeim ber þó að sinna þjónustu og skyldum við aðra á skilvirkum hátt og af metnaði.

#### **8.11 Fagleg ráðgjöf**

Fagleg ábyrgð felst í því að ráðfæra sig við samstarfsmenn innan safnsins eða utan þess ef sérfræðikunnátta er ekki fyrir hendi innan þess til að tryggja faglega ákvarðanatöku.

### **Hagsmunaárekstrar**

#### **8.12 Gjafir, greiðar, lán og því um líkt**

Starfsfólk safna má ekki taka við gjöfum eða þiggja greiða, lán eða annars konar umbun sem því kann að bjóðast og tengjast skyldum þess við safnið. Stöku sinnum er eðlilegt að gefa eða þiggja gjafir sem kurteisissvott en það ætti ávallt að gera í nafni safnsins.

#### **8.13. Störf utan safnsins eða viðskiptahagsmunir**

Þótt fagmenn í safnastarfi búi við nokkurt frjálrsræði skal þeim vera ljóst að ekki verður greint að fullu milli starfa þeirra fyrir safnið sem þeir eru ráðnir hjá og hagsmuna þeirra vegna annarra starfa eða viðskiptahagsmuna. Þeir skyldu ekki taka að sér launuð störf eða utanaðkomandi verkefni sem stangast á við hagsmuni safnsins eða gætu virst gera það.

#### **8.14 Verslun með náttúrulega eða menningarlega arfleifð**

Fagfólk í söfnum skyldi ekki taka beinan eða óbeinan þátt í verslun með náttúrulega eða menningarlega arfleifð.

#### **8.15 Samskipti við söluaðila**

Fagfólk í söfnum skyldi ekki þiggja gjafir, boð eða aðra umbun frá söluaðila, uppboðshaldara eða nokkrum öðrum ef það er hvatning til þess að kaupa eða ráðstafa safngripum eða til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og framkvæmdir. Ennfremur skyldi fagfólk í söfnum ekki mæla með neinum sérstökum söluaðila, uppboðshaldara eða matsmanni við almenning.

#### **8.16 Einkasöfnun**

Fagfólk í söfnum skyldi ekki keppa við safnið sem það vinnur hjá um að eignast safnhluti eða á nokkurn hátt sem lýtur að söfnun þess sjálfs. Um einkasöfnun starfsmanns skal gera sérstakt samkomulag milli hans og safnstjórnar og því skal fylgja í hvívetna.

#### **8.17 Nokun nafns og merkis ICOM**

Félagar í ICOM mega ekki nota orðin „International Council of Museums“, „ICOM“ eða merki ICOM til að kynna eða styðja nokkuð það sem sem gert er í gróðaskyni.

#### **8.18 Annar hagsmunaárekstur**

Ef kemur til annars konar árekstra þar sem hagsmunir einstaklings og safnsins stangast á skulu hagsmunir safnsins vega þyngra.